

**Borgarstjórn Reykjavíkur**  
**5. apríl 2016**

Ályktunartillaga borgarfulltrúa Samfylkingar, Bjartrar framtíðar, Vinstri grænna, Pírata og Framsóknar og flugvallarvina um gríðasvæði hvala – hvalaskoðunarsvæði í Faxaflóa, ítrekun:

Borgarstjórn Reykjavíkur ítrekar fyrri áskorun sína á ríkisstjórnina að stækka gríðasvæði hvala – hvalaskoðunarsvæði í Faxaflóa og minnir á að að gríðarmiklir hagsmunir íslenskrar ferðapjónustu eru að veði. Uppbygging hvalaskoðunarfyrtækja við Gömlu höfnina hefur styrkt og eflt fyrirtæki og mannlíf á svæðinu, þar sem þúsundir ferðamanna leggja leið sína á svæðið og njóta þar afþreyingar og þjónustu með tilheyrandi tekjuauka fyrir þjónustuaðila og Reykjavíkurborg.